

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
Ml. 11.11.14	Ábm. SPG
Innk. 3 SEP. 2014	
IRR 14090038	

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík, 31.8.2014

Efni: Beiðni um uppreist æru.

Ég undirritaður, Baldur Freyr Einarsson, kt. 160179-5389, óska eftir að mér verði veitt uppreist æru vegna dóms sem ég hlaut í Hæstarétti þ. 2. okt. 2003 sbr. mál nr. 235/2003: Ákærvaldið gegn Baldri Frey Einarssyni og Gunnari Friðriki Friðrikssyni.

Þann 2. Október 2003 hóf ég afplánun refsingar að frátöldu gæsluvarðhaldi sem hófst 26. Maí 2002. Þann 5. Maí 2006 fékk ég reynslulausn á tveimur þriðju hlutum dóms. Þann 5. Maí 2008 lauk skilorðstíma reynslulausnar.

Eftir afplánun hófst uppbygging mín. Ég byrjaði að stunda _____ og fór að vinna að Frá 2007 – 2010 starfaði í _____ við að hjálpa fólki að komast úr óreglu og koma lagi á líf sitt. Á þessum tíma stofnaði ég _____ í félagi við aðra og er sú _____ starfræk í dag með hátt í 200 meðlimi. Ég breytti heimili mínu í _____ og fór að taka fólk inn af götunni eins til að hjálpa þeim frá óreglu. Ég stundaði einnig mikið forvarnarstarf og fór til dæmis í alla menntaskóla á höfuðborgarsvæðinu og margar grunnskóla. Þar sagði ég sögu mína og varaði við ofbeldi og fíkniefnum. Ég hef hjálpað mjög mikið af fólki í gegnum tíðina og er enn að því. Í dag er ég þáttakandi í starfi sem heitir _____ og miðað það að hjálpa ungu fólki að fóta sig í lífinu og koma með varanlega lausn í líf þeirra. Þar eru á bilinu 100-200 manns að hittast einu sinni í viku. Allt þetta byggist á _____

Þetta er allt sjálfboðastarf sem ég stunda ennþá og líka í _____ Árið 2010 eignaðist ég fyrsta barnið mitt. Eftir það fór ég í fasta vinnu og hef stundað hana síðan. Ég er í góðu starfi í dag hjá Tal ásamt því að vera með mitt eigið sölufyrirtæki. Ég er mjög góður starfskraftur og bera mér allir góða söguna. Ég stunda einnig nám í sjávarútvegsfræði í fjárnámi frá Háskólanum á Akureyri. Ég er einstæður faðir og hef fullt forræði yfir syni mínum _____

Vísa ég til meðfylgjandi dóms og

Að öðru leyti er vísað til 2. mgr. 85. gr. laga nr. 19/1940.

Lögmaður minn vegna þessa erindis er Einar Gautur Steingrímsson hrl. og er ráðuneytinu heimilt að snúa sér til hans sem og undirritaðs við meðferð málsins.

Virðingarfyllst,


Baldur Freyr Einarsson

Hjálagt eða verður sent síðar:

1. Dómur Hæstaréttar í málinu nr. 235/2003.
2. Dómur héraðsdóms.
- 3.
4. Umsögn Geirs Jóns Þórissonar f.v. yfirlögregluþjóns.
5. Umsögn Guðrúnar Margrétar Pálsdóttur starfandi stjórnarformanns ABC barnahjálpar.

Til þess sem málið varðar

Umsögn um Baldur Frey Einarsson, kt. 160179-5389, _____

Ég hef þekkt Baldur um a.m.k. fjögurra ára skeið, aðallega í gegnum _____ en við höfum starfað í sömu _____ í rúm fjögur ár. Baldur hefur verið einn af stólpunum _____ Hann er alltaf vakandi fyrir þeim sem eru þurfandi og brotnir á líkama og sál og gefur sig að fólki í neyð. Hann ber sannarlega umhyggju fyrir fólki og skarar fram úr á því sviði, ekki einungis í orðum heldur í reynd.

Baldur er leiðtogi í sér og mjög hæfileikaríkur. Hann er mikill _____ Hann er með betri _____ sem ég hef heyrt í og er einnig liðtækur tónlistarmaður og hefur hann undanfarið _____ og spilar þá á gítar og syngur.


Baldur hefur ekki farið leynt með fortíð sína og er þakklátur fyrir þá breytingu sem orðið hefur á lífi sínu sem hann þakka _____ fyrir enda er breytingin kraftaverki líkust. Hann notar reynslu sína til að hjálpa öðrum til betri vegar og segja þeim að það sé von, fyrst hann gat breyst þá geta aðrir það líka.

Almennt myndi ég segja að Baldur sé einn kærleiksríkasti maður sem ég þekki og einlægt bros hans og stóra faðmlagið sem mætir fólki sem kemur í _____ yljá því um hjartarætur.

Baldur er duglegur til verka og góður námsmaður og stundar nú _____

Að því sem ég get best séð er hann einnig góður og kærleiksríkur faðir litla drengsins síns _____

Reykjavík, 31. desember 2013



Guðrún Margrét Pálsdóttir, kt. 150359-3849

Form. ABC barnahjálpar

Umsögn um Baldur Frey Einarsson, kt. 160179-5389 vegna umsóknar

hans um uppreisn æru.

Kynni mín af Baldri Frey hófust fyrir nokkrum árum síðan þegar hann hafði gjörbreytt lífi sínu og _____). Vegna fyrri starfa minna sem lögreglumaður hafði ég þekkt til Baldurs Freys og fannst mér mikið til koma þegar hann sneri af braut fyrri lífennis og studdi ég hann og hvatti. Ég fylgdist reglulega með honum og lífsgöngu hans. Var unun að sjá hvernig hann sneri sér að því að hjálpa þeim fjölmörgu sem enn fetuðu braut fíknar og afbrota. Hann unni sér ekki hvíldar við að segja öðrum frá lífsbreytingum sínum sem smitaði marga til að feta sömu braut.

Baldur Freyr hefur að mínu mati reynst afar traustur og heiðarlegur maður eftir þær stórkostlegu breytingar sem urðu á lífi hans. Hann er umhyggjusamur og leggur sig fram um að sýna samferðafólki sínu kærleika og stuðning. Það er mat mitt að hann sé kominn á þann stað í lífinu að hann eigi að fá jákvæða niðurstöðu um þá ósk hans að fá uppreisn æru. Hann fær mín bestu meðmæli.

Vestmannaeyjum 27. nóvember 2013



Geir Jón Þórisson

fyrirverandi yfirlögregluþjónn

Tillaga
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

Baldur Freyr Einarsson, kt. 160179-5389, til heimilis
að _____ hefur farið þess á leit
að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er
snertir dóm Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn 2.
október 2003, þar sem honum var gert að sæta 6 ára
óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum
hegningarlögum.

*Freyr
ó dillögum
Barnabóla
7. júní 2015
Ólafur Guðmundsson*

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess
að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér
að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum Baldri Frey Einarssyni uppreist
æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Í innanríkisráðuneytinu,
15. maí 2015.

Allravirðingarfyllst,

Ólafur Guðmundsson